FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

67. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 20. MARS 2017


# SELDUR




Tilkynnt var um söluna á Arion banka í gærkvöldi fyrir 48,8 milljarða króna. Eftir söluna á Kaupþing 57,9 prósenta hlut í Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Goldman Sachs og þrír vogunarsjóðir hafa keypt nærri 30 prósenta hlut í Arion banka fyrir 49 milljarða. Eigandi Taconic Capital á meðal þeirra sem standa að baki sjóðnum sem kaupir í bankanum.

Frank Brosens, stofnandi og eigandi bandaríska vogunarsjóðsins Taconic Capital, fullyrðir að kaup sjóðsins á tæplega 10 prósenta hlut í Arion banka séu ekki hugsuð sem skammtímafjárfesting. „Við erum að horfa á þessi kaup sem fjárfestingu til meðallangs eða langs tíma,“ segir Frank í einkaviðtali við Fréttablaðið, en vill aðspurður ekki nefna einhvern tiltekinn árafjölda í því samhengi.

Kaupþing, sem hefur átt 87 prósent í Arion banka, tilkynnti í gærkvöldi að félagið hefði selt nærri 30 prósenta hlut í bankanum til fjárfestingabankans Goldman Sachs og vogunarsjóðanna Taconic Capital, Och-Ziff Capital og Attestor Capital fyrir um 48,8 milljarða króna. Söluandvirðið fer allt í að greiða inn á 84 milljarða skuldabréf íslenska ríkisins.

> Ég skil þessar efasemdir gagnvart eignarhaldi vogunarsjóða á bönkum en held að það sé mikilvægt að gera greinarmun á sjóðunum og fyrir hvað þeir standa.
>
> Frans Brosens, stofnandi og eigandi

**51%** er sá hlutur sem sjóðirnir eignast ef þeir nýta kauprétt.

Þá er um það samið að fjárfestahópurinn fái kauprétt að 21,9 prósenta hlut í Arion banka til viðbótar sem verður hægt að nýta áður en kemur að mögulegu almennu útboði bankans. Paul Copley, forstjóri Kaupþings, segir að þessi viðskipti séu „stærstu einstöku hlutabréfakaup erlendra aðila í sögu Íslands“.

Brosens segist skilja þá sem hafa bent á að vogunarsjóðir séu almennt ekki æskilegir eigendur að viðskiptabanka. „Þetta er nokkuð sem við erum vel meðvitaðir um og höfum orðið varir við slíka umfjöllun í fjölmiðlum. Það er hins vegar ekki hægt að setja alla vogunarsjóði undir sama hatt og sumir sjóðir eru uppbyggilegri en aðrir í fjárfestingum sínum. Við höfum reynt að leika slíkt hlutverk í þessu ferli, ekki síst gagnvart stjórnvöldum og eftirlitsstofnunum, svo að þessi kaup næðu fram að ganga.“ – hae / sjá síður 4 og 6







## Veður




Útlit fyrir norðaustan 8 til 13 metra á sekúndu og dálítil él, en þurrt og bjart á Vesturlandi. Hiti nálægt frostmarki yfir daginn. SJÁ SÍÐU 18

# Listasmíð Ólafs



Það er kúnst að taka góða sjálfu en það eru allar líkur á því að Ólafur Elíasson myndlistarmaður kunni sitthvað fyrir sér í þessari listgrein. Hann smellti af í opnunargleði Marshall hússins og gat Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ekki annað en brosað út í annað. Í húsinu verður sýningaraðstaða Nýlistasafnsins, Kling & Bang og Ólafs auk þess sem veitingastaður og vinnustofur eru þar innandyra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Tvær milljónir vegna tilfærslu frá Sérstökum

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið þarf að greiða lögreglumanni rúmar tvær milljónir króna, og milljón betur í málskostnað, vegna vangoldinna launa. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í lok síðasta mánaðar en birtur síðasta föstudag.

Lögreglumaðurinn starfaði hjá embætti Sérstaks saksóknara en var færður í rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 1. nóvember 2014. Við það lækkaði hann í launum – hjá Sérstökum hafði maðurinn ríflega 700 þúsund krónur í laun en hjá LRH voru laun hans allt að 200 þúsund krónum lægri.

Þegar lögreglumanninum var tilkynnt að færa ætti hann til LRH samþykkti hann það með fyrirvara um að hann myndi krefja Sérstakan saksóknara um greiðslu fullra launa þar til þrír mánuðir væru liðnir frá því að embættið væri lagt niður.

Lögreglumaðurinn taldi að hann hafi ekki verið leystur frá störfum hjá Sérstökum saksóknara heldur færður til í starfi. Hann fór því fram á að sér yrði greiddur launamismunur frá nóvember 2014 til mars 2016 en þá voru liðnir þrír mánuðir frá því að embætti Sérstaks saksóknara var lagt niður.

Í starfsmannalögum er kveðið á um að sé embættismaður fluttur í annað, lægra launað embætti, skuli greiða honum launamismun fyrir þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í fyrra embætti. Dómari féllst á röksemdir lögreglumannsins um að hann hefði verið fluttur til í embætti en ekki leystur frá störfum. Því var ríkið bótaskylt. – jóe

**319**

þúsund vantaði upp á laun starfsmannsins í september 2015 samkvæmt útreikningi.

## Stálu fartölvu frá starfsmanni CIA

**BANDARÍKIN** Fartölvu eins starfsmanns CIA, leyniþjónustu Bandaríkjanna, var stolið úr bíl hans í New York á fimmtudag. Þetta hefur CIA staðfest. Á tölvunni má finna teikningar af Trump Tower í New York og aðrar viðkvæmar upplýsingar sem þó voru dulkóðaðar.

ABC greindi frá því að á tölvunni væru gögn sem tengdust rannsókn á notkun Hillary Clinton, fyrrverandi forsetaframbjóðanda Demókrata, á einkatölvupóstþjóni.

Lögreglan í New York fer nú yfir ógrynni upptaka úr öryggismyndavélum fyrirtækja sem eru til húsa nálægt vettvangi glæpsins.

Dulkóðunin á efni tölvunnar er þó afar öflug. Í tilkynningu CIA segir að hún sé í mörgum lögum. Meðal annars sé allur harði diskur tölvunnar dulkóðaður. Þá eru engar upplýsingar á tölvunni sem varða þjóðaröryggi eða teljast hernaðarleyndarmál. – þea


Allt til kerrusmíða

- Vanræktu ekki viðhaldið -



AL-KO QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE

Stál og Stansar ehf.

Vagnhöfði 7 – sími 517 5000


# Aldrei verra að birta meiri upplýsingar

**Heiða María Sigurðardóttir, lektor í sálfræði við Háskóla Íslands, segir að þegar auglýst er eftir týndum einstaklingum verði að hafa fleiri myndir og jafnvel myndbönd með. Ein mynd dugi ekki til að unnt sé að bera kennsl á fólk.**

**SAMFÉLAG** „Þegar lögreglan er að leita að týndu fólki þá er yfirleitt verið að deila fáum og lélegum myndum. Það geta verið nægar upplýsingar fyrir þann sem þekkir viðkomandi vel en fyrir alla aðra þá eru þetta ekki nægar upplýsingar,“ segir Heiða María Sigurðardóttir, lektor í sálfræði við Háskóla Íslands.

Heiða hefur í rannsóknum sínum verið að skoða hvernig fólk skynjar bæði hluti og andlit, meðal annars hvernig heilinn vinnur úr því hvernig fólk greinir andlit sem það þekkir frá þeim sem það þekkir ekki. Út frá þessum upplýsingum hefur hún verið að velta fyrir sér hvernig eigi að finna týnda einstaklinga sem lögreglan auglýsir eftir. Yfirleitt er aðeins ein mynd birt af þeim sem saknað er og jafnvel í litlum gæðum og illa lýst. Þetta skilar takmörkuðum árangri því samkvæmt rannsóknum er mjög erfitt að bera kennsl á fólk þegar sjónarhorn, birtuskilyrði eða umhverfi er annað en myndin sýnir. Heiða hefur bent á að út frá skynjun okkar þurfi lögreglan að birta margar ólíkar myndir og jafnvel myndbönd.

Í máli Arturs Jarmoszko, sem hefur verið saknað síðan í byrjun mánaðarins, hafa aðeins tvær myndir verið birtar. „Artur er pólskur og fólk á sérlega erfitt með að bera kennsl á einhvern af öðru þjóðerni. Þetta virðist vera háð reynslunni, en heilinn verður næmastur fyrir andlitum sem líkjast þeim sem maður hefur oft séð áður.

Þótt ekki sé mikill munur á útliti fólks eftir uppruna þá virðist þessi smávægilegi munur á andlitsgerð fólks eftir þjóðerni gera fólki erfitt um vik að þekkja mann frá öðru landi, og getur verið raunverulegt vandamál. Þetta hafa rannsóknir mínar og annarra sýnt,“ segir Heiða en hún vinnur einnig að því að rannsaka hlutverk sjónskynjunar í lesblindu.

Hún bendir á að myndir séu oft nægilega góðar fyrir þá sem þekkja viðkomandi en dugi ekki fyrir aðra. Á upplýsingaöld þar sem margir birta myndbönd af sjálfum sér er betra fyrir heilann að skynja myndbönd af ókunnugum aðila. „Þótt það sé óljóst hvort það mun hjálpa þá verður það aldrei verra en að setja bara eina mynd, sem er jafnvel tekin úr öryggismyndavél í lágri upplausn. Myndbandabirting myndi aldrei hindra og frekar hjálpa til að fá vísbendingar.“

benediktboas@365.is



Heiða María Sigurðardóttir, lektor í sálfræði við Háskóla Íslands, hefur bent á að út frá skynjun okkar þurfi lögreglan helst að birta fleiri myndir en eina og jafnvel myndbönd, þegar lýst er eftir fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

> Artur er pólskur og rannsóknir hafa sýnt að þegar fólk á að bera kennsl á fólk af öðrum kynþætti en það er vant þá er það í erfiðleikum.
>
> Heiða María Sigurðardóttir, lektor í sálfræði við Háskóla Íslands.



Artur Jarmoszko




VERÐ FRÁ:
**2.590.000** kr.
Eyðsla frá 3,5 l/100 | $CO_2$ losun frá 90 g/km

**FRELSI TIL AÐ FARA**

Gæði Peugeot 2008 heilla þig strax. Draumabíllinn þinn sem vilt sparneytinn, snaggaralegan bíl með mikla veghæð og háa sætisstöðu. Bíllinn sem veitir þér frelsi til að fara þangað sem þú vilt. Peugeot 2008 er glæsilegur bíll með mjúkum línum sem hentar við fjölbreyttar aðstæður. Peugeot 2008 er framdrifinn, duglegur í snjónum og með stórt farangursrými, 16,5 cm veghæð og innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Puretech vélarnar eru þekktar fyrir sparneytni og fáanlegar bæði beinskiptar og sjálfskiptar.

PEUGEOT 2008

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Goldman Sachs og þrír erlendir sjóðir kaupa nærri 30 prósent í Arion banka

**Þrír vogunarsjóðir og bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs hafa keypt 29,2 prósenta hlut í Arion banka af Kaupþingi. Kaupverðið nemur um 49 milljörðum og rennur allt til ríkisins. Fá kauprétt að 21,9 prósenta hlut til viðbótar sem er á hærra gengi.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs, ásamt þremur alþjóðlegum fjárfestingasjóðum, hefur gengið frá kaupum á 29,2 prósenta hlut í Arion banka af Kaupþingi eignarhaldsfélagi í lokuðu útboði fyrir ríflega 48,8 milljarða króna. Þá fá fjárfestarnir jafnframt kauprétt að 21,9 prósenta hlut til viðbótar á verði sem er hærra en það kaupverð sem greitt var núna í útboðinu. Kaupréttirnir renna út áður en kemur að mögulegu almennu útboði á hlutum í Arion banka en verði þeir nýttir munu erlendu fjárfestarnir eignast samanlagt meira en 50 prósenta hlut í bankanum.

Í tilkynningu sem Kaupþing sendi frá sér í gærkvöldi til Kauphallarinnar kemur fram að auk Goldman Sachs, sem eignast 2,6 prósenta hlut í Arion banka, samanstendur kaupendahópurinn af vogunarsjóðunum Taconic Capital, Och-Ziff Capital og Attestor Capital. Þeir sjóðir eru jafnframt á meðal stærstu hluthafa Kaupþings. Taconic Capital og Attestor Capital kaupa báðir 9,99 prósenta hlut hver í Arion banka en Och-Ziff Capital eignast hins vegar 6,6 prósenta hlut.

Söluandvirðið verður allt nýtt til að greiða inná 84 milljarða króna skuldabréf ríkissjóðs sem var hluti af stöðugleikaframlagi Kaupþings sem samþykkt var við nauðasamninga félagsins.

Paul Copley, forstjóri Kaupþings segir í tilkynningu að þessi viðskipti séu „stærstu einstöku hlutabréfakaup erlendra aðila í sögu Íslands, strax í kjölfar afléttingar fjármagnshaftanna höfum við tryggt aðkomu alþjóðlegra fjárfesta að Arion banka sem hafa millilanga til langa sýn á fjárfestingu sína. Allir eru þeir fjárfestar í Kaupþingi og hafa ákveðið að endurfjárfesta á Íslandi í stað þess að fara með fé sitt úr landi, sem er sterkt merki um trú þeirra á Íslandi og þá ekki síður á Arion banka.

Taconic Capital og Och-Ziff eru tveir stærstu hluthafar Kaupþings og hafa í mörg ár tengst Íslandi með fjölbreyttum fjárfestingum. Á sama hátt er Attestor Capital stór hluthafi okkar og hefur á liðnum árum fjárfest í mörgum fjármálastofnunum í Evrópu og á meðal annars ráðandi hlut í lánastofnun í Austurríki. Þátttaka þekkts fyrirtækis á borð Goldman Sachs segir sína sögu.“



Eftir söluna á Kaupþing 57,9 prósenta hlut í Arion banka í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, greindi fyrst frá því 22. febrúar síðastliðinn að Kaupþing væri að ganga frá sölu á tuga prósenta hlut til bandarískra fjárfestingasjóða, meðal annars Taconic Capital og Och-Ziff Capital. Kaupverðið yrði á genginu rúmlega 0,8 miðað við bókfært eigið fé Arion banka í árslok 2016.

### Jákvætt fyrir bankann

Forstjóri Kaupþings segist hlakka til að vinna með hinum nýju hluthöfum í Arion banka samhliða því að Kaupþing haldi áfram að selja hlut sinn í bankanum, „líklega í gegnum almennt hlutafjárútboð þar sem við vonumst til að geta boðið einstaklingum og félögum innanlands færi á að fjárfesta í bankanum.“

Í tilkynningunni er haft eftir Höskuldi Ólafssyni, bankastjóra Arion banka, að það sé „jákvætt fyrir bankann að fá inn í hluthafahópinn erlenda aðila. Við höfum á undanförnum árum hitt mikinn fjölda erlendra fjárfesta og skynjað áhuga þeirra á Íslandi og bankanum. Við verðum líka vör við þennan áhuga á fleiri sviðum hér á landi eins og í ferðaþjónustu og smásölu þar sem sterk alþjóðleg vörumerki sýna landinu áður óþekktan áhuga. Það kemur okkur því ekki á óvart að þessir fjárfestar, sem hafa komið að bankanum með óbeinum hætti í nokkur ár, kjósi nú að gerast hluthafar í Arion banka með beinum hætti. Þeir þekkja bankann vel, hafa fylgst með okkar árangri og þeirri jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað í íslensku efnahagslífi. Þeir sýna það nú að þeir trúa því að framtíð bankans sé björt.“

Sjóðirnir sem standa að baki kaupunum á ríflega 29 prósenta hlut í Arion banka hafa staðfest gagnvart Kaupþingi að raunverulegir eigendur fjármuna sem fjárfestir eru í bankanum sé allir erlendir aðilar.

### Nýir hluthafar í Arion banka

| | |
|---|---|
| Attestor Capital LLP í gegnum Trinity Investment Designated Activity Company | 9,99% |
| Taconic Capital Advisors UK LLP í gegnum TCA New Sidecar III s.a.r.l. | 9,99% |
| Sculptor Investments s.a.r.l., félag tengt Och-Ziff Capital Management Group | 6,6% |
| Goldman Sachs International í gegnum ELQ Investors II Ltd. | 2,6% |

> **Það kemur okkur ekki á óvart að fjárfestar, sem hafa komið að bankanum með óbeinum hætti í nokkur ár, kjósi nú að gerast hluthafar í Arion banka.**
>
> Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka



**51%** er sá hlutur sem sjóðirnir munu samanlagt eiga í bankanum ef þeir nýta sér forkaupsrétt síðar á árinu.

### Óvíst um tímasetningu útboðs

Samkvæmt þeim stöðugleikaskilyrðum sem kröfuhafar Kaupþings féllust á í tengslum við nauðasamning slitabúsins í fyrra er að finna ákvæði sem veitir stjórnvöldum heimild til að ganga inn í kaup ef til stendur að selja hlut í bankanum á genginu 0,8 eða lægra miðað við bókfært eigið fé Arion banka hverju sinni. Ekki reyndi á þennan forkaupsrétt ríkisins vegna sölunnar til erlendu fjárfestingasjóðanna þar sem kaupverðið er rétt yfir genginu 0,8.

Ef fjárfestahópurinn ákveður að nýta sér forkaupsrétt á tæplega 22 prósenta hlut í Arion banka til viðbótar síðar á árinu, sem allar líkur eru á, þá mun Kaupþing í kjölfarið geta greitt upp að fullu 84 milljarða skuldabréfið til íslenska ríkisins. Það gæti haft áhrif á tímasetningu mögulegs almenns útboðs á hlut í Arion banka, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, enda er Kaupþing þá ekki undir sömu tímapressu og áður um að þurfa að minnka hlut sinn í bankanum en ákvæði skuldabréfsins gerði ráð fyrir að félagið þyrfti að greiða það upp að fullu á næsta ári.



NÝTT OG FULLKOMIÐ BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Sinnum öllum almennum bifreiðaviðgerðum.

Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða.

Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna viðgerðum á húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.

Við tökum vel á móti þér.
Tímapantanir í síma 534 4433.

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# VIÐ BJÓÐUM UPP Í NÆSTA
# STANZ

## ÓKEYPIS ÁSTANZSKOÐUN Á BREMSUM TIL 31. MARS




## Viðurkenndir þjónustuaðilar Toyota á Íslandi bjóða ókeypis ástandsskoðun á bremsubúnaði til og með 31. mars.

Auk þess bjóðum við **20% afslátt*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum sem og **10% afslátt*** af vinnu.

Leyfðu okkur að bjóða þér upp í næsta stanz og vormánuðirnir verða leikandi léttir.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |



Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.

# Eigandi Taconic Capital segir kaupin á Arion ekki skammtímafjárfestingu

**Frank Brosens segir kaup Taconic Capital á 9,99 prósenta hlut í Arion banka vera hugsuð sem fjárfestingu til meðallangs eða langs tíma. Sjóðurinn mun hefja strax það ferli með Fjármálaeftirlitinu að mega mögulega fara með virkan eignarhlut í bankanum. Hann segist skilja þá sem gagnrýna eignarhald vogunarsjóða á bönkum en að ekki megi setja alla slíka sjóði undir sama hatt.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is





Frank Brosens verður sjálfur á meðal hluthafa í sjóðnum sem kaupir 9,99% hlut í Arion banka. NORDICPHOTOS/GETTY

Frank Brosens, stofnandi og eigandi bandaríska vogunarsjóðsins Taconic Capital, fullyrðir að kaup sjóðsins á tæplega tíu prósenta hlut í Arion banka séu ekki hugsuð sem skammtímafjárfesting. „Við erum að horfa á þessi kaup sem fjárfestingu til meðallangs eða langs tíma,“ sagði Brosens í einkaviðtali við Fréttablaðið síðastliðinn föstudag, en vill aðspurður ekki nefna einhvern tiltekinn árafjölda í því samhengi.

Eftir að Fréttablaðið greindi fyrst frá því 22. febrúar að bandarískir sjóðir, meðal annars vogunarsjóðir sem eru jafnframt stærstu kröfuhafar Kaupþings, væru að ganga frá kaupum á stórum hlut í Arion banka hafa ýmsir gagnrýnt að þeim verði heimilað að gerast eigendur að viðskiptabanka.

Spurður hvernig hann svari þeim sem benda á að vogunarsjóðir séu almennt ekki taldir æskilegir eigendur banka segir Brosens að þetta sé „nokkuð sem við erum vel meðvitaðir um og höfum orðið varir við slíka umfjöllun í fjölmiðlum. Það er hins vegar ekki hægt að setja alla vogunarsjóði undir sama hatt og sumir sjóðir eru uppbyggilegri en aðrir í fjárfestingum sínum. Við höfum reynt að leika slíkt hlutverk í þessu ferli, ekki síst gagnvart stjórnvöldum og eftirlitsstofnunum, svo að þessi kaup næðu fram að ganga. Ég skil þessar efasemdir gagnvart eignarhaldi vogunarsjóða á bönkum en held að það sé mikilvægt að gera greinarmun á sjóðunum og fyrir hvað þeir standa.“

Brosens upplýsir að hann verði sjálfur á meðal þeirra sem standa að baki sjóðnum sem kaupir í Arion banka. „Endanlegir eigendur sjóðsins samanstanda að mestu af fagfjárfestum, einkum lífeyrissjóðum og styrktarsjóðum háskóla, en einnig fjársterkum einstaklingum. Þá hef ég, sem stofnandi Taconic Capital, komið að mörgum fjárfestingum sjóðsins og það mun sömuleiðis eiga við um kaupin í Arion banka.“

### Tekur stöðu með krónunni

Brosens segir á að þetta sé ekki í fyrsta sinn sem Taconic Capital fjárfesti í bönkum. Þannig hafi sjóðurinn verið umsvifamikill við að leggja ýmsum aðþrengdum bandarískum fjármálastofnunum til aukið eigið fé í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar 2008. Sjóðurinn hafi síðan hægt og bítandi selt þá eignarhluti en eigi hins vegar enn hlut í einum litlum bandarískum banka – næstum átta árum eftir að hafa fyrst fjárfest í honum.

Aðspurður af hverju sjö milljarða Bandaríkjadala vogunarsjóður á Wall Street sé að fjárfesta í viðskiptabanka á Íslandi bendir hann á sterka stöðu hagkerfisins. „Við erum búnir að standa að fjárfestingum á Íslandi frá árinu 2012 þegar sjóðurinn hóf að kaupa kröfur á gömlu bankanna, einkum Kaupþings. Þá höfum við einnig nýlega verið að kaupa skráð verðbréf. Á þessum tíma höfum við orðið vitni að ótrúlegum viðsnúningi í íslensku efnahagslífi. Þegar þú lítur á tölur um hagvöxt, mikinn viðskiptaafgang, ört vaxandi gjaldeyrisforða og litlar skuldir ríkisins þá er efnahagsstaða Íslands á pari við það sem best gerist hjá nokkru öðru ríki í heiminum. Efnahagsumhverfið er því mjög gott og núna þegar Ísland er að brjótast út úr höftum virðist það ætla að vaxa jafnvel hraðar en við bjuggumst við.“

Hann sé því þeirrar skoðunar, með hliðsjón af styrkleika hagkerfisins, að gengi krónunnar haldist sterkt og sjóðurinn vilji því fjárfesta í henni. „Við viljum hins vegar ekki vera algjörlega varnarlausir gagnvart miklum gengissveiflum og því höfum við gert skiptasamninga til að verja fjárfestingu okkar í bankanum að hluta fyrir gengisþróun krónunnar,“ segir Brosens.

### Gætu átt virkan eignarhlut

Spurður hvort sjóðurinn ætli sér að vera virkur eigandi í Arion banka segir Broens að hann vilji vera „uppbyggilegur hluthafi“. „Við reynum að hjálpa til þar sem við getum og veita ráðgjöf á þeim sviðum þar sem sjóðurinn getur helst komið að gagni. Við ætlum okkur sannarlega ekki að vera afskiptasamur eigandi en að því marki sem sjóðurinn getur, einkum í ljósi þekkingar og reynslu okkar á fjármálamörkuðum, þá munum við veita bankanum alla þá aðstoð sem hann þarf á að halda.“

Brosens vill ekkert tjá sig um hvort hann sjái fyrir sér að einhver hluti starfseminnar sem heyrir undir Arion banka verði mögulega seldur eða að ráðist verði í frekari hagræðingaraðgerðir með fækkun starfsfólks. „Þetta verður ekki undir okkur komið heldur stjórnendateymi bankans enda þótt við séum vissulega reiðubúnir að koma með okkar skoðun ef þess þarf.“

Taconic Capital hefur kauprétt síðar á árinu á stærri hlut í bankanum sem þýðir að hann gæti þá eignast meira en 10 prósenta hlut og þar með þurft að fá samþykki Fjármálaeftirlitsins til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka. Brosens segir að sjóðurinn muni ákveða þegar að því kemur hvort kaupétturinn verði nýttur en hins vegar „munum við hefja núna strax það ferli með Fjármálaeftirlitinu hvort við fáum samþykki þess til að fara mögulega með virkan eignarhlut í bankanum.“

Hann vill aðspurður lítið segja til um hvort hann telji æskilegt að fá einnig stóra innlenda fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóðina í hluthafahóp Arion banka en Kaupþing hefur átt í viðræðum við sjóðina um mögulega kaup á stórum hlut í bankanum. „Ég veit ekki hvernig þær viðræður standa en við myndum sannarlega fagna því að fá fleiri fjárfesta að bankanum.“

## Hver er Frank Brosens?

Frank Brosens er 59 ára fjárfestir frá New York í Bandaríkjunum, menntaður í véla- og flugvélaverkfræði frá Princeton-háskóla, og starfaði um árabil hjá fjárfestingabankanum Goldman Sachs þar til hann stofnaði vogunarsjóðinn Taconic Capital ásamt Kenneth Brody árið 1999. Brosens starfaði meðal annars náið með Robert Rubin og Larry Summers hjá Goldman Sachs en þeir urðu báðir fjármálaráðherrar í stjórnartíð Bills Clinton.

Brosens er þekktur fjárfestir á Wall Street og studdi jafnframt dyggilega við kosningabaráttu Obama árið 2008 þar sem hann gaf og safnaði um einni milljón Bandaríkjadala til stuðnings framboði Obama. Þá fór Timothy Geithner, þáverandi fjármálaráðherra Bandaríkjanna, þess á leit við Brosens árið 2009 að hann myndi stýra 700 milljarða dala björgunarsjóði (TARP) sem komið var á fót. Brosens afþakkaði hins vegar boðið þar sem hann vildi ekki þurfa að flytja fjölskyldu sína til Washington.

Hann hefur látið til sín taka í umræðu um utanríkismál og er meðlimur í hugveitunni Council on Foreign Relations. Þá er Brosens í stjórn Economics Club of New York og Peterson Institute for International Economics auk þess sem hann var í stjórn í Princeton University Investment Company (PRINCO) og formaður stjórnar North Westchester sjúkrahússins í Mt. Kisco í New York ríki.

HVITA HUSID / SIA

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




www.ms.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Taktu frá 24 tíma með Octaviu!

**ŠKODA Octavia** er margverðlaunaður og einn af söluhæstu bílum á Íslandi enda ótal kostum búinn. Gefðu þér sólarhring til að prófa frábæra aksturseiginleika, gott rýmið og sparsemi í rekstri – allt það sem gerir **ŠKODA Octavia** að einum besta fjölskyldubílnum á markaðnum.

**Dráttarbeisli og vetrardekk**
fylgja í takmarkaðan tíma!

Verð frá aðeins:
**3.350.000 kr.**
Sjálfskiptur frá aðeins: **3.550.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

**www.skoda.is**







# Segir Þýskaland ekkert skulda Bandaríkjunum

**Varnarmálaráðherra Þýskalands segir Donald Trump fara með staðlausa stafi þegar hann segir Þýskaland skulda Bandaríkjunum og NATO stórfé fyrir varnir.**

**ÞÝSKALAND** Ursula von der Layen, utanríkisráðherra Þýskalands, segir ekkert hæft í því að Þýskaland eða önnur Evrópuríki skuldi Bandaríkjunum og NATO stórfé fyrir varnir.

„Það er enginn skuldareikningur í NATO,“ sagði hún. „Það er rangt að tengja tveggja prósenta markmiðið í útgjöldum til landvarna, sem við ætlum að ná um miðjan næsta áratug, eingöngu við NATO.“

Hún sagði varnarútgjöld einnig ná til friðargæslustarfs og baráttunnar gegn hryðjuverkum.

Þarna var hún að svara Donald Trump Bandaríkjaforseta, sem hefur ítrekað sagt að evrópsku NATO-ríkin skuldi Bandaríkjunum. Það sé vegna þess að Bandaríkin verji miklu meira fé til varnarmála en þau.

Á laugardaginn tók Ivo Daalder, fyrrverandi fastafulltrúi Bandaríkjanna hjá NATO, í sama streng og sagði að Bandaríkjunum væri frjálst að verja eins miklu fé og þau vilja til varnarmála.

Hann sagði að önnur NATO-ríki þurfi ekkert að greiða Bandaríkjunum fyrir það sem þau ákveða að verja til varnarmála: „Því miður, herra forseti, þannig virkar NATO ekki,“ sagði Daalder.

Trump endurtók fullyrðingar sínar um skuldir Evrópuríkja við Bandaríkin í Twitter-færslum á föstudag, fljótlega eftir að hann hafði hitt Angelu Merkel Þýskalandskanslara í Washington.

„Þýskaland skuldar NATO og Bandaríkjunum stórfé fyrir þær öflugu og afar dýru varnir sem þau veita Þýskalandi,“ skrifaði Trump.

Forseti Bandaríkjanna virðist samkvæmt þessu hafa afar takmarkaðan skilning á því hvernig fjármögnun Atlantshafsbandalagsins er háttað. Fundurinn með Merkel virðist ekki hafa bætt þar neitt úr.



Angela Merkel Þýskalandskanslari og Donald Trump Bandaríkjaforseti að loknum fundi sínum í Washington fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Það er rangt að tengja tveggja prósenta markmiðið í útgjöldum til landvarna, sem við ætlum að ná um miðjan næsta áratug, eingöngu við NATO.
>
> Ursula von der Leyen, varnarmálaráðherra Þýskalands

Í kosningabaráttunni gagnrýndi hann Evrópuríki ítrekað fyrir að veita ekki nægilega mikið fé til varnarmála. Bandaríkin verji mun meira fé og standi í raun að stórum hluta undir kostnaði við varnir Evrópulanda.

Að loknum fundinum með Merkel á föstudag sagði hann: „Ég ítrekaði við Merkel kanslara bæði að ég styð NATO sterklega og að bandamenn okkar í NATO þurfi að greiða sanngjarnan hluta af kostnaðinum við varnarmál.“

**gudsteinn@frettabladid.is**




# Leggja til þyngri refsingu vegna mútubrota

**STJÓRNSÝSLA** Í drögum að frumvarpi til breytinga á ákvæðum almennra hegningarlaga um mútubrot er gert ráð fyrir að hámarksrefsing vegna mútuboðs gagnvart opinberum starfsmönnum verði þyngd úr fjögurra ára fangelsi í sex ára fangelsi. Þá er lagt til að hámarksrefsing vegna mútubrots í atvinnurekstri verði þyngd úr þriggja ára fangelsi í fimm ára fangelsi.

Almennt eru rökin fyrir þyngingu refsinga vegna mútubrota þau að um sé að ræða alvarleg brot sem veiki meðal annars traust á stjórnkerfinu.

Í frétt á vef innanríkisráðuneytisins segir jafnframt að frumvarpsdrögin feli í sér að hugtakið opinber starfsmaður geti átt við stjórnendur og starfsmenn lögaðila sem eru að hluta eða í heild í opinberri eigu eða lúti stjórn hins opinbera. Frumvarpið er unnið í samráði við stýrihóp dómsmálaráðherra um eftirfylgni vegna innleiðingar alþjóðlegra tilmæla um aðgerðir gegn spillingu og mútum.

Í opinberri yfirlýsingu vinnuhóps Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, frá því í apríl 2015 var lýst yfir sérstökum vonbrigðum með að Ísland hefði enn ekki innleitt með fullnægjandi hætti tilmæli vinnuhópsins. Til dæmis hefðu mútugreiðslur til embættismanna í erlendum ríkisfyrirtækjum ekki verið gerðar refsiverðar með skýrum hætti. Jafnframt að hámarksrefsing einstaklinga vegna mútubrota hefði ekki verið þyngd enn frekar.

Í október síðastliðnum komst vinnuhópur OECD um erlend mútubrot að þeirri niðurstöðu að Ísland hefði uppfyllt sex tilmæli til viðbótar þeim tveimur sem þegar voru uppfyllt. Íslensk stjórnvöld hafa þar með orðið við átta af 17 tilmælum frá 2010. Tilmælin sem eftir standa hafa verið ítrekuð af hálfu vinnuhóps OECD undanfarin misseri.



Frumvarpið er unnið í samráði við stýrihóp dómsmálaráðherra um eftirfylgni vegna innleiðingar alþjóðlegra tilmæla um aðgerðir gegn spillingu og mútum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Í frumvarpsdrögunum segir að lögð hafi verið áhersla á að íslensk stjórnvöld stigju áþreifanleg skref í lagasetningu svo uppfylla megi tilmælin sem séu megintilefni frumvarpsins.

Fulltrúar frá Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni og spillingu komu hingað í maí í fyrra vegna aðildar Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn spillingu. Áskoranir frá þeim samræmast að verulegu leyti tilmælum vinnuhóps OECD, að því er segir í frumvarpsdrögunum. **– ibs**




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Hvað kostar hamingjan?



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er ógnvænleg staðreynd að á síðasta ári leystu 46.000 einstaklingar út þunglyndislyf á íslandi. Árið 2012 voru þeir 38.000 og þótti mörgum nóg og því er þessi fjölgun um tæp 22% sláandi staðreynd fyrir íslenskt samfélag. Hjá ungmennum á aldrinum fimmtán til nítján ára er aukningin ríflega sextíu prósent á aðeins þessum fjórum árum og þessar ógnvænlegu tölur hljóta að vera okkur skýr vísbending um að það sé eitthvað mikið að í þessu samfélagi. Að við séum einfaldlega ekki á réttri leið sem mannvænt samfélag hvað sem líður öllum hagvaxtartölum. Langt frá því.

Þetta er ekkert nýtt. Við höfum áður staðið frammi fyrir þessum vafasama heiðri að hér er notkun þunglyndislyfja mest miðað við öll OECD-löndin en árið 2013 var notkunin 203 prósent miðað við meðaltal þeirra landa. En áfram heldur aukningin og það án þess að á því virðist í raun hafa fundist haldbærar skýringar. Á vef landlæknis er staðan sögð umhugsunarverð og lagt til að læknasamfélagið þurfi að rannsaka hvort þunglyndi og kvíði séu algengari hér á landi en annars staðar, eða hvort verið sé að ávísa þessum lyfjum óhóflega.

Það er reyndar mikilvægt að við gætum þess að gera ekki lítið úr vanda þeirra sem þurfa á þessum lyfjum að halda og mikilvægi þess að lyfin geta haft afgerandi áhrif á lífsgæði þeirra og hamingju til hins betra. En engu að síður er lykilatriði að við skoðum þetta í sem víðustu samhengi og þá ekki aðeins læknisfræðilega heldur einnig samfélagslega. Skoðum þá samfélagsgerð sem verður til þess að kvíði og þunglyndi verður að svo viðamiklu vandamáli í lífi svo ótal margra með tilheyrandi álagi fyrir viðkomandi einstaklinga og kostnaði fyrir samfélagið.

Íslenskt samfélag er mjög efnahags- og neysludrifið. Að halda í við lífsstíl jafnaldra, að stofna fjölskyldu og eignast heimili eða að tryggja sér fjárhagslegt öryggi yfirhöfuð reynist mörgum vægast sagt erfitt, jafnvel óháð aldri, því efnahagsleg misskipting er mikil og virðist því miður halda áfram að aukast. Fjölmargar fjölskyldur sem og einstaklingar búa við þær aðstæður að full launavinna dugar í raun ekki til eðlilegrar framfærslu, hvað þá til þess að búa í haginn til efri áranna. Þessu fylgir eðli málsins samkvæmt mikið andlegt álag þar sem viljinn til að standa sig er fyrir hendi en aðstæður í samfélaginu eru í raun hamlandi og streituvaldandi. Afleiðingin af því að lifa og berjast í bökkum í slíku samfélagi frá degi til dags hlýtur eðli málsins samkvæmt að geta ýtt undir áhyggjur, kvíða og depurð. Er því ekki kominn tími til þess að við tökumst á við að skoða samfélagsgerðina í heild sinni? Tökum til við að byggja hér mannvænna samfélag þar sem peningar eru ekki upphaf og endir alls. Vonandi gæti það orðið til þess að færri Íslendingar þurfi á lyfjum að halda í leit sinni að lífshamingju og velferð.

> Afleiðingin af því að lifa og berjast í bökkum í slíku samfélagi frá degi til dags hlýtur eðli málsins samkvæmt að geta ýtt undir áhyggjur, kvíða og depurð.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Þorsteinn og Hollywood**
**Aston Kutcher stórleikari vakti athygli á stöðu Íslands í jafnréttismálum á Facebook-síðunni sinni. „Svona á að vera leiðtogi heimsins. Vel gert Ísland,“ skrifaði leikarinn góðkunni og heimurinn tók undir og flest ummæli við færsluna voru jákvæð. Færslunni var deilt mjög oft enda leikarinn með 17,7 milljónir fylgjenda. Mynd af Þorsteini Víglundssyni var upphafsskotið í myndbandinu sem Kutcher deildi og fór hann því víða um heim.**

**Flestir eru sammála um að Ísland hafi sterka rödd í jafnréttismálum og þegar landinn hefur talað á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York hefur verið hlustað.**

**Konurnar í Hvalfirði**
**Það kom því á óvart þegar aðalfundur Spalar, eignarhaldsfélags Hvalfjarðarganganna, fór fram um helgina að nýja stjórnin er án aðkomu kvenna. Nýi bæjarstjórinn á Akranesi, Sævar Freyr Þráinsson, kom í stað Reginu Ásvaldsdóttur og Geir Finnsson, enskufræðingur og verkefnastjóri, kom nýr inn. Geir er fæddur 1992 og er varaþingmaður Viðreisnar.**

**Auk þeirra er stjórnin skipuð Gísla Gíslasyni, Gesti Péturssyni, Gunnari Gunnarssyni og Stefáni Ármannssyni. Það er eins gott að Ashton Kutcher frétti ekki af þessu. – bb**

# Endurvinnsla



Helgi Lárusson
formaður FENÚR

Fagna ber skýrslu hagfræðistofnunar HÍ um möguleika Íslands til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hún er fróðleg og upplýsandi og ættu því allir að gefa sér tíma til að lesa hana. Varðandi úrgangsmál segir í skýrslunni: „Hlutfall úrgangs í heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda árið 2014 var 6%. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá úrgangi á að mestu uppruna sinn að rekja til urðunarstaða víðsvegar um landið.“ Heildarútstreymi $CO_2$ í dag vegna úrgangs er nálægt 220 þús. tonnum. Ýmsar leiðir voru nefndar til að minnka þetta útstreymi og ber að fagna því. Eitt er það sem bæta mætti við þessa skýrslu og það er kolefnisávinningur af endurnotkun, minni sóun og endurvinnslu úrgangs.

Margvíslegt notagildi er af endurvinnslu, hún sparar m.a. orku, hráefni, kemur í veg fyrir að eiturefni berist í umhverfið og sparar því útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Einnig kemur endurvinnsla í veg fyrir urðun. Skoðum dæmi um ávinning. Endurvinnsla kopars, áls og tins sparar frá 85-99% af þeirri orku sem þarf í frumvinnslu þeirra. Endurvinnsla tonns af stáli sparar 1,1 tonn af járngrýti, 630 kg af kolum og 55 kg af kalksteini. Endurvinnsla eins tonns af plasti sparar um 2.600 lítra af olíu, endurvinnsla tonns af pappír sparar ígildi 31 trés og 270 lítra af olíu og svo mætti áfram halda (bir.org). Er þá ótalin ýmis önnur endurvinnsla eins og á textíl, hjólbörðum o.fl. Erfitt er að nálgast hver heildarávinningur $CO_2$ spörunar er af endurvinnslu frá Íslandi. Tölur fyrir heildarávinning af endurvinnslu drykkjarumbúða úr plasti og áli frá Íslandi hefur þó verið áætlað að nemi um 12 þúsund tonnum $CO_2$ á ári (Efla). Ljóst er því að þessi ávinningur er verulegur.

FENÚR (fagráð um endurvinnslu og úrgangsmál) ætlar sér að stuðla að framþróun í úrgangsmálum. M.a. hefur verið haldin sýning og ráðstefna undir heitinu „Saman gegn sóun“. FENÚR hvetur alla landsmenn til að að flokka, endurnota og nota minna.

> Margvíslegt notagildi er af endurvinnslu, hún sparar m.a. orku, hráefni, kemur í veg fyrir að eiturefni berist í umhverfið og sparar því útstreymi gróðurhúsalofttegunda.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Minning um Chuck

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Ég man ekki hvenær ég heyrði fyrst í Chuck Berry en samt býr minningin innra með mér því að ég get auðveldlega framkallað kenndina sem hún vakti. Það var frelsiskennd. Það var einhvers konar fögnuður og eftirvænting samfara þeirri fullvissu að bjart væri framundan. Þetta var kraftbirtingarhljómlist.

Ég hlýt að hafa verið lítill og hef sjálfsagt heyrt þetta í útvarpinu hjá henni Gerði G. Bjarklind, því að heima hjá mér rúlluðu bara plötur með Beethoven. Annars voru einkum í útvarpinu sinfóníur og hin geysilega dapurlega íslensku dægurlög, full af andlátsfregnum, aðskilnaði og sektarkennd yfir því að hafa flutt úr dalnum, að ógleymdum Victori Silvester og hljómsveit sem er sú tónlist sem hefur næst komist því að hljóma eins og súld.

**Ameríka**

Ég heyrði lit og sól í tónlist Chucks Berry, takt og gleði. Ég heyrði líf og skelmislegt glott. Það sem ég heyrði í þessari tónlist var Ameríka. En það var önnur Ameríka en ég hafði haft stopul kynni af áður, þarna í Vogunum á sjöunda áratug síðustu aldar. Maður hafði séð myndir um köttinn Felix í kanasjónvarpinu hjá ömmu og nokkra þætti um bræðurna á Bonanzastöðum, sem í minningunni voru sívolandi við hestagirðingar, sem að vísu fær varla staðist, þó að því verði ekki neitað að fólk var furðu grátgjarnt í bandarískum sjónvarpsmyndum þessara ára. Stundum fóru kommabörnin í Karfavogi og lögðust á nærliggjandi glugga til að horfa þar á kafbátamyndir og Gunsmoke – ég lagði aldrei í þá leiðangra en var samt vel kunnugur þessum þáttum því að vinir mínir léku þá fyrir mig daginn eftir.

Ég þekkti Elvis og mér þótti kátlegt hvernig hann gat hikstað sig gegnum lögin sín, þó að ég áttaði mig ekki á því að hann ætti við mig sérstakt erindi. Svo kom sem sagt Chuck með þessa tónlist sem hljómaði eins og hún sprytti úr raunverulegu lífi.

Maður skynjaði sannleikann í þessari músík. Hún var sniðug en ekki íbyggin, yfirlætislaus en litrík, glaðhlakkaleg án þess að vera sjálfbirgingsleg og víðsfjarri þeim slepjulega og uppgerðarlega tilfinningaútaustri sem svo margt af sönglögum þessara ára frá Ameríku var fullt af, þar sem söngvari kjökraði eitthvað undir grátandi fiðlum án þess að meina orð af því sem hann sagði, eins og heyrðist líka langar leiðir. Það voru engar slíkar leifar af evrópsku óperettu-glundri hjá Chuck heldur var þetta séramerísk blanda af allri mögulegri tónlist þeirra þjóðarbrota sem þessa álfu höfðu skapað.

Sjálfur leit hann út eins og Ameríka: ótilgreind blanda þjóðarbrota í andlitsdráttum og yfirbragði. Og alltaf í þessum skræpóttu skyrtum. Og með þetta skelmislega glott á vör, eins og vís til alls. Sem hann svo sem var.

**Sannar sögur handa jóni&gunnu**

Takturinn hjá Chuck var kæruleysislegur en um leið hárbeittur og taktfastur; gítarleikurinn var krubbulegur – eiginlega skræpóttur – og vitnaði um skringilegar stillingar, mishljómar í honum, viss óhreinindi sem maður vissi að gáfu einmitt tónlistinni sjálft lífsmagn sitt. Mishljómurinn kom auðvitað úr blúsnum eins og hljómagangurinn oftast nær – þaðan kom líka krafturinn og riffin, og glaðværðin, enda útbreiddur misskilningur að blústónlist sé eintóm mæða og andvörp. Þetta var ung veröld og björt, víðsfjarri grámuggunni í kanasjónvarpinu þar sem samanbitnir fölskinna kallar með hatta töluðu hver við annan út um annað munnvikið.

Chuck söng um forboðna hluti á borð við sjoppuhangs. Hann söng um bíla sem hann hafði lengi verið að safna sér fyrir og hugsaði vel um. Hann söng um stelpur sem hann hafði augastað á en voru utan seilingar. Hann sagði sögu af kvennaljóma með brún augu, aðra af gítarstráknum efnilega Jóni góða og svo henni Maríu litlu sem er bara sex ára og hann langar svo að fá að tala við í símann. Þetta voru litlar sögur og yfirlætislausar um um jón&gunnu sagðar handa jóni&gunnu, með gleði og glampa í augum, án ýktra gleðiláta eða þvingunarkæti. Sannar sögur, sniðuglega sagðar. Með skelmislegu brosi út í annað.

Þetta er á hátindi og blómaskeiði amerísku aldarinnar sem nú er að líða undir lok með harmkvælum. Þetta er áður en þeir álpast út í Víetnam-stríðið með allri þeirri afsiðun og upplausn allra gilda sem því fylgdi. Áður en þeir skjóta Kennedy og Martin Luther King. Þetta var Ameríka sem mann langaði ósjálfrátt að eiga hlutdeild í, enda átti hún eftir að verða ríkur þáttur af lífi okkar. Kannski hefði Chuck Berry samt gleymst ef ekki hefði komið til dálæti bresku eftirstríðsáradrengjanna á honum og ómæld áhrif sem hann hafði á þá. Bítlarnir og Rollingarnir og sporgöngumenn þeirra létu ekkert tækifæri ónotað til að spila lögin hans og komu honum þar með á framfæri í eigin landi á ný; færðu Ameríku aftur þá Ameríku sem hann stóð fyrir. Chuck Berry: blessaður kallinn, hann dó um helgina, níræður að aldri, með skelmisglottið á vör framundir það síðasta.

> Ég þekkti Elvis og mér þótti kátlegt hvernig hann gat hikstað sig gegnum lögin sín, þó að ég áttaði mig ekki á því að hann ætti við mig sérstakt erindi. Svo kom sem sagt Chuck með þessa tónlist sem hljómaði eins og hún sprytti úr raunverulegu lífi.










38 eignir til sölu að Hólum í Hjaltadal

TÆKIFÆRI TIL FERÐAÞJÓNUSTU Á SÖGUFRÆGUM STAÐ

38 íbúðir til sölu í háskólaþorpinu að Hólum í Hjaltadal. Íbúðirnar eru í eigu Nemendagarða Hólaskóla. Gert er ráð fyrir að selja eignirnar til sama aðila.

Hjaltadalur er með fegurstu dölum landsins og Hólar þekktur sögustaður. Eignirnar henta vel í ferðaþjónustu og eru miðsvæðis á Norðurlandi. Fjölmargir útivistarkostir eru í næsta nágrenni og miklir möguleikar á að auka þjónustu á svæðinu, sem og samstarf við Háskólann á Hólum.

**Hagstætt verð fyrir framsækna aðila, ásett verð 270 m.kr., 38 eignir, 2.428,8 m2.**

**Nánari upplýsingar um eignirnar veita neðangreindar fasteignasölur.**

Fasteignasala Sauðárkróks

**Ágúst Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
453 5900
agust@krokurinn.is

FASTEIGNASALAN BYGGÐ

**Björn Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
464 9955
bjorn@byggd.is

EIGNAMIÐLUN
Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík · Sími 588 9090
eignamidlun@eignamidlun.is

**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
824 9093
kjartan@eignamidlun.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG

**Jón Rafn Valdimarsson**
Löggiltur fasteignasali
695 5520
jonrafn@miklaborg.is



Gunnar Nelson sýndi allar sínar bestu hliðar í búrinu gegn Alan Jouban í O2-höllinni í London á laugardagskvöldið og vann öruggan sigur á Bandaríkjamanninum. FRÉTTABLAÐIÐ/SÓLLILJA BALTASARSDÓTTIR

# Þessi Gunnar getur farið á toppinn

**Gunnar Nelson sýndi UFC-heiminum á laugardagskvöldið að hann ætlar sér stóra hluti. Gunnar gekk frá Alan Jouban í O2-höllinni í London með hengingartaki eftir 47 sekúndur í 2. lotu. Gunnar var öryggið uppmálið alla vikuna og sýndi allar sínar bestu hliðar.**

Í London
Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is


**MMA** Stressið var að fara með flesta Íslendingana í stúkunni í O2-höllinni í London á laugardagskvöldið þegar Gunnar Nelson og mótherji hans, Bandaríkjamaðurinn Alan Jouban, sátu á kollum sínum eftir fyrstu lotuna í bardaga þeirra kappanna. Enginn í húsinu var rólegri en Gunnar sjálfur en þannig var hann alla vikuna í aðdraganda bardagans.

Gunnar vann fyrstu lotuna en Jouban varðist fimlega í gólfinu. Stressið var svo algjör óþarfi því Gunnar slökkti ljósin hjá Jouban með fallegu höggi í byrjun annarrar lotu og kláraði bardagann í gólfinu með hengingartaki sem kallast fallöxin. Aðeins 47 sekúndur voru búnar af annarri lotu þegar Jouban baðst vægðar. Á meðan flestir sem fylgdust með gátu vart andað fyrir spennu eftir fyrstu fimm mínúturnar leit Gunnar á þetta sem fína æfingu.

„Það hefði verið geggjað að klára hann svakalega snöggt en ég er líka að elska að fá góðan tíma í búrinu án þess að taka mikinn skaða. Það skilar sér hrikalega vel inn í æfingarnar. Þannig getur maður bætt sig,“ sagði Gunnar við íþróttadeild eftir bardagann.

Gunnar á enn eftir að klára mann með rothöggi í UFC en það var samt svakalegur hægri krókur sem breytti fótum Joubans í fransbrauð og gerði það að verkum að hann gat ekki varist árás Gunnars sem leiddi að hengingunni.

„Þetta var það klíníska í stöðunni,“ sagði Gunnar. „Þetta var svo augljóst. Það var allt galopið þegar kom að því að hengja hann. Það er líka hreinna og fallegra að hengja hann heldur en að vera að djöflast á honum eins og graður hundur,“ sagði Gunnar.

Maður hefði getað sagt sér það sjálfur í vikunni fyrir bardagann að eitthvað stórt eins og svona afgreiðsla ætti eftir að líta dagsins ljós. Gunnar var alveg ævintýralega öruggur, rólegur og fullur sjálfstrausts. Hann hefur aldrei mætt á blaðamannafundi, vigtun eða aðra fjölmiðlaviðburði eins og unglingur eftir þrjá til fjóra Red Bull en hann var ekki bara rólegur og yfirvegaður núna. Gunnar geislaði af sjálfstrausti og það sást líka þegar hann talaði við fjölmiðla.

„Mér líður alltaf voðalega svipað ef ég á að segja eins og er. Ég er bara alltaf að spá í mig og spá í það sem ég geri en ekki hvað mótherjinn gerir. Mér leið vel að fara inn í þennan bardaga,“ sagði Gunnar um aðdraganda bardagakvöldsins.

Gunnar er svo mikið undrabarn í gólfglímu og blönduðum bardagalistum að það var eðlilegt að margir héldu að hann væri nú þegar orðinn kóngurinn í veltivigtinni í UFC. Gleymum aldrei að þetta er maðurinn sem fékk svart belti undir Renzo Gracie á mettíma. Fyrir þá sem ekki vita þá fann Gracie-fjölskyldan upp íþróttina. En UFC-lífið er ekki svona einfalt. Þar eru allir góðir.

Eins eðlilegt og það var að halda að Gunnar færi strax á toppinn var eðlilegt að byrja að efast eftir tapið á móti Rick Story. Það var svona svipaður bardagamaður og Jouban en þar fékk Gunnar aðalbardaga kvöldsins. Það átti að vera stundin sem hann skrifaði nafnið sitt í stjörnurnar. En það fór á annan veg.

Tapið fyrir Demian Maia í Vegas var líka vont því þar sýndi reynsluboltinn Maia að hann er jiu-jitsu kóngurinn í veltivigtinni og bara innan UFC. John Kavanagh, þjálfari Gunnars, kom inn á það í síðustu viku hvað hann væri ánægður með hvernig Gunnar lærði af þessum töpum. Tapinu fyrir Story svaraði hann með því að pakka saman Brandon Thatch og svo fékk Albert Tumenov að kenna á því í fyrra eftir tapið gegn Maia.

Þessi nýi, aðeins léttari en þó rólegi og öruggi Gunnar sem hefur lagt værukærðina aðeins til hliðar, er útgáfan af þessum magnaða íþróttamanni sem getur farið á toppinn. Búist er við að hann fái nokkuð stóran bardaga innan fárra mánaða og fari allt vel þar enn stærri bardaga undir lok árs sem gæti leitt til bardaga um beltið sjálft.

Það er langur vegur framundan en þessi Gunnar er klár í slaginn. Bókstaflega.



# Lokað í dag vegna flutninga

Mánudaginn 20. mars

**Opnum á nýjum stað**
Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði

Þriðjudaginn 21. mars

Tryggir þína framtíð

Allianz

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 29. umferðar 2016-17**

**WBA - Arsenal 3-1**
Craig Dawson 2, Hal Robson-Kanu - Alexis Sánchez.

**Stoke - Chelsea 1-2**
Jonathan Walters, víti - Willian, Gary Cahill.
**Rautt spjald:** Philip Bardsley, Stoke.

**West Ham - Leicester 2-3**
Manuel Lanzini, André Ayew - Riyad Mahrez, Robert Huth, Jamie Vardy.

**C. Palace - Watford 1-0**
Sjálfsmark.

**Everton - Hull 4-0**
Romelu Lukaku 2, Dominic Calvert-Lewin, Enner Valencia.
**Rautt spjald:** Tom Huddlestone, Hull.

**Sunderland - Burnley 0-0**

**Bournemouth - Swansea 2-0**
Sjálfsmark, Benik Afobe

**M'Brough - Man. Utd. 1-3**
Rudy Gestede - Maraoune Fellaini, Jesse Lingard, Antonio Valencia.

**Tottenham - S'ton 2-1**
Christian Eriksen, Dele Alli, víti - James Ward-Prowse.

**Man. City - Liverpool 1-1**
Sergio Agüero - James Milner, víti.

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 28 | 22 | 3 | 3 | 59-21 | 69 |
| Tottenham | 28 | 17 | 8 | 3 | 55-21 | 59 |
| Man. City | 28 | 17 | 6 | 5 | 54-30 | 57 |
| Liverpool | 29 | 16 | 8 | 5 | 61-36 | 56 |
| Man. Utd | 27 | 14 | 10 | 3 | 42-23 | 52 |
| Arsenal | 27 | 15 | 5 | 7 | 56-34 | 50 |
| Everton | 29 | 14 | 8 | 7 | 51-30 | 50 |
| WBA | 29 | 12 | 7 | 10 | 39-38 | 43 |
| Stoke | 29 | 9 | 9 | 11 | 33-42 | 36 |
| S'ton | 27 | 9 | 6 | 12 | 33-36 | 33 |
| B'mouth | 29 | 9 | 6 | 14 | 42-54 | 33 |
| West Ham | 29 | 9 | 6 | 14 | 40-52 | 33 |
| Burnley | 29 | 9 | 5 | 15 | 31-42 | 32 |
| Watford | 28 | 8 | 7 | 13 | 33-48 | 31 |
| Leicester | 28 | 8 | 6 | 14 | 33-47 | 30 |
| Crystal P. | 28 | 8 | 4 | 16 | 36-46 | 28 |
| Swansea | 29 | 8 | 3 | 18 | 36-63 | 27 |
| Hull | 29 | 6 | 6 | 17 | 26-58 | 24 |
| M'brough | 28 | 4 | 10 | 14 | 20-33 | 22 |
| Sunderland | 28 | 5 | 5 | 18 | 24-50 | 20 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**


Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Lék allan leikinn fyrir Swansea sem tapaði fyrir Bournemouth á útivelli. Þetta var annað tap velska liðsins í röð.


Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Er enn frá vegna meiðsla og lék ekki með Burnley í markalausu jafntefli við botnlið Sunderland á útivelli.


Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Var á sínum stað í byrjunarliði Cardiff sem vann 3-1 heimasigur á Ipswich.


Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**
Kom ekkert við sögu þegar Úlfarnir unnu góðan 3-1 útisigur á Fulham.


Fulham
**Ragnar Sigurðsson**
Var ekki í leikmannahópi Fulham sem laut í lægra haldi fyrir Wolves á heimavelli.


Aston Villa
**Birkir Bjarnason**
Er meiddur og lék ekki með Aston Villa þegar liðið sótti sigur til Wigan.


Jesse Lingard fagnar marki sínu með Juan Mata og Ashley Young í 600. sigri Manchester United í ensku úrvalsdeildinni. Eftir 19 vikur í 6. sæti deildarinnar færðist Unite

# Jafntefliskóngarnir komnir upp ú

Í fyrsta sinn frá 6. nóvember á síðasta ári er Manchester United ekki í 6. sæti ensku úrvalsdeildarinnar í lok umferð

**FÓTBOLTI** Fagnaðarlæti José Mourinho, stjóra Manchester United, eftir að Antonio Valencia gulltryggði 1-3 sigur gegn Boro í gær gáfu til kynna hversu litlu mátti muna að Middlesbrough var nálægt því að næla í stig gegn United. Eftir að Rudy Gestede minnkaði muninn í 1-2 undir lok leiksins bönkuðu heimamenn hressilega á dyr United og heimamenn voru ekki langt frá því að tryggja 11. jafntefli United á leiktíðinni. Með sigrinum hreyfðist United í fyrsta sinn upp töfluna frá því í nóvember en liðið situr nú í fimmta sæti.

Ekkert lið hefur gert fleiri jafntefli en United, eða tíu. Að sama skapi hefur ekkert lið tapað færri leikjum en United á tímabilinu og því auðvelt að færa rök fyrir því að jafnteflin hafi komið í veg fyrir að liðið hafi blandað sér af alvöru í baráttu um Englandsmeistaratitilinn. En hver er ástæðan fyrir öllum þessum jafnteflum? Af hverju hefur United ekki tapað leik frá því október án þess þó að komast upp úr 6. sætinu fyrr en nú?

### Ferðalög, ferðalög, ferðalög

Það sem af er tímabili hefur ekkert lið á Englandi ferðast jafn mikið í útileiki og lið Manchester United. Vegna þátttöku liðsins í Evrópudeildinni hefur það þurft að ferðast á fjarlægari slóðir en almennt gerist á venjulegu tímabili. Það sem af er tímabili hafa leikmenn United ferðast um 20 þúsund kílómetra í útileiki í Evrópudeildinni, um tvöfalt lengri veg en Manchester City, Tottenham, Arsenal og Leicester hafa ferðast vegna þátttöku sinnar í Evrópukeppnum.

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Gary Cahill tryggði Chelsea afar mikilvægan sigur á Stoke á erfiðum útivelli með marki á ögurstundu. Lærisveinar Antonios Conte halda 10 stiga forskoti á toppi deildarinnar og ekkert virðist geta komið í veg fyrir að liðið verði Englandsmeistari í sjötta sinn í sögunni.

**Hvað kom á óvart?**
Englandsmeistarar Leicester fylgdu sigrinum á Sevilla í Meistaradeild Evrópu eftir með góðum sigri á West Ham á Lundúnaleikvanginum. Leicester hefur unnið alla fjóra leikina undir stjórn Craigs Shakespeare og minnir á liðið sem varð Englandsmeistari í fyrra.

**Mestu vonbrigðin**
Síðustu vikur hafa verið hörmulegar hjá Arsenal. Liðið tapaði 3-1 fyrir WBA á laugardaginn en þetta var fjórða tap Arsenal í síðustu fimm leikjum. Skytturnar eru í 6. sæti deildarinnar, sex stigum frá Meistaradeildarsæti. Pressan á Arsene Wenger, knattspyrnustjóra liðsins, hefur sjaldan verið meiri.

## Leikmaður helgarinnar



Það er ekki á hverjum degi sem varnarmenn skora tvö mörk í sama leiknum og hvað þá gegn Arsenal. Það var þó nákvæmlega það sem Craig Dawson, miðvörður WBA, gerði um helgina þegar lið hans fór illa með Arsenal á heimavelli, 3-1.

Yfirleitt fer ekki mikið fyrir Dawson líkt og liði WBA sem hefur laumað sér alla leið upp í áttunda sæti án þess að margir hafi tekið eftir því. Dawson er miðvörður að mennt en spilar í hægri bakvarðarstöðu hjá WBA. Tony Pulis vill gjarnan hafa miðverði í þeim stöðum enda gefur það liðinu ýmislegt, sérstaklega þegar liðir sækir með hjálp fastra leikatriða sem oftar en ekki eru aðalsmerki liða undir stjórn Tony Pulis.

Bæði mörk Dawsons um helgina komu eftir föst leikatriði. Hann kom WBA yfir með góðum skalla í upphafi leiks og rak svo smiðshöggið á afar góðan sigur sinna manna með því að skora þriðja og síðasta mark þeirra. WBA hefur skorað 18 mörk eftir föst leikatriði á tímabilinu, flest allra í ensku úrvalsdeildinni.

Chelsea hefur siglt lygnan sjó á toppi deildarinnar og leikmenn Liverpool hafa verið sprækari en oft áður á þessu tímabili. Ef til vill má að einhverju leyti skrifa það á að liðin taka ekki þátt í neinni Evrópukeppni og þurfa því ekki að ferðast nema innan Englands. Raunar var ferðalag Manchester United fram og til baka frá Rostov í Rússlandi vegna viðureignar United við FC Rostov í 16-liða úrslitum Evrópudeildarinnar lengra en öll ferðalög Chelsea í útileiki á tímabilinu til samans.

Á meðan leikmenn helstu andstæðinga United geta hvílt sig á milli leikja eru leikmenn United oftar en ekki á ferðalagi. Að þessu leyti hafa liðin í toppbaráttunni haft samkeppnislegt forskot á United það sem af er tímabili. Þetta telur enda hefur liðið aðeins unnið fimm af þeim tíu leikjum sem hafa verið spilaðir helgina eftir að liðið spilaði í miðri viku í Evrópudeildinni.

### Álag, álag, álag

Ástæðan fyrir öllum þessum ferðalögum er einfaldlega sú að United hefur gengið vel í bikarkeppnunum á þessu tímabili. Liðið er langt komið í Evrópudeildinni, fór alla leið í

# Fólk

Heimili

MÁNUDAGUR 20. MARS 2017



Listamaðurnn Banksy, sem flestir þekkja en enginn veit hver er, hefur opnað all sérstætt hótel við Vesturbakkann í Betlehem.

heimili ➔2








MYND/HERA KETILSDÓTTIR

# Lærði macramé á YouTube

Hjónin Jónína Stefánsdóttir og Pálmi Ketilsson búa til heimilisvörur með macramé-hnýtingum undir heitinu MARR. Áhugamál sem vatt hratt upp á sig og varð að ástríðu.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Mig langaði í hnýtt vegghengi fyrir ofan rúmið okkar. Hengin sem mig langaði í á netinu kostuðu þó talsvert og þar ofan á kom svo sendingarkostnaðurinn. Ég ákvað því að læra sjálf að hnýta macramé og gera mitt eigið hengi,“ segir Jónína Stefánsdóttir en hún og eiginmaður hennar Pálmi Ketilsson, nýta hverja lausa stund til þess að hnýta blómahengi, vegghengi og hillubera. Framleiðslan varð að lokum til þess að þau settu á fót merkið MARR.

„Hugmyndin hafði gerjast með okkur í talsverðan tíma og vefsíðan fór svo í loftið fyrir tveimur vikum. Macramé-heimurinn er mun stærri en ég hafði gert mér grein fyrir,“ segir Jónína. „Ég lærði hnýtingarnar á YouTube og einnig er hægt

**Framhald á síðu 2 ➔**

Framhald af forsíðu ➪
að kaupa sér námskeið á netinu. Þarna fann ég handverk sem á mjög vel við mig en ég hef til dæmis aldrei verið mikið fyrir prjónaskap. Ég hef oftar farið út í byggingavöruverslun eftir við til að smíða eitthvað svo það kom fólkinu í kringum mig ekkert á óvart þegar ég byrjaði á þessu,“ segir Jónína.

### Þetta er eitthvað!

„Þetta er ótrúlega skemmtilegt áhugamál sem varð að ástríðu. Ég byrjaði á blómahengjum sem smám saman þróuðust út í hillubera, af því að okkur vantaði hillu í eldhúsið. Eftir að ég hafði setið klukkutímum saman uppi á eldhúsbekk við að hnýta og koma hillunni saman hengdum við hana upp, virtum hana fyrir okkur á veggnum og hugsuðum bæði, „heyrðu, þetta er eitthvað!“

Við helltum okkur út í að þróa hilluna áfram og ég komst ekkert í að hnýta vegghengin sem ég hafði ætlað mér upphaflega að gera fyrr en miklu seinna. Hnýtingarnar eru frekar seinleg vinna,“ segir Jónína. Hún hafi því fljótlega virkjað eiginmanninn líka.

„Pálmi aðstoðar mig en við erum þrjá til fjóra tíma að hnýta í eina hillu. Hann er frábær á skærunum því það þarf mikið að klippa. Hann sér einnig um heimasíðuna.“

Fyrir utan macramé-hnýtingarnar stundar Jónína mastersnám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. MARR hefur hins vegar vaxið hraðar en hún átti von á svo fljótlega þurfti hún að minnka við sig námið

„Við höfum fengið svo frábærar viðtökur og erum ótrúlega hamingjusöm með þetta. Það gefur manni kraftinn til þess að halda áfram. Planið er að fleiri komi inn í MARR með vorinu, meðal annars fáum við smið til liðs við okkur. Við sjáum fyrir okkur fleiri útgáfur af því sem við erum þegar að gera og að bæta við fleiri vörum. Það er svo ótrúlega margt sem mig langar til að gera. Hengið fyrir ofan rúmið okkar er ekki komið enn,“ segir hún hlæjandi. „Ætli ég endi ekki bara á því að þurfa að kaupa mér það annars staðar.“



„Þarna fann ég handverk sem á mjög vel við mig en ég hef til dæmis aldrei verið mikið fyrir prjónaskap.“



Upphafið að MARR var löngun Jónínu til að eignast hnýtt hengi fyrir ofan rúmið.



Jónína byrjaði að hnýta blómahengi og fór svo fljótlega að hnýta hillubera.



„Eftir að ég hafði setið klukkutímum saman uppi á eldhúsbekk við að hnýta og koma hillunni saman hengdum við hana upp, virtum hana fyrir okkur á veggnum og hugsuðum bæði, „heyrðu, þetta er eitthvað!““




LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

# Banksy opnar hótel í Betlehem

Listamaðurinn Banksy, sem flestir þekkja en enginn veit hver er, hefur opnað all sérstætt hótel við Vesturbakkann í Betlehem. Hótelið heitir The Walled off Hotel sem vísar til þess að það stendur upp við vegginn sem skilur að palestínska og ísraelska hluta borgarinnar en öll tíu herbergi hótelsins vísa að veggnum. Hefur listamaðurinn lýst útsýni hótelsins, sem því versta í heiminum. Veggurinn er alsettur graffi en inn á milli má sjá listaverk eftir Banksy sjálfan og ýmsa aðra listamenn.

Banksy er þekktur fyrir verk sín sem mörg hver eru innblásin af pólitík en fjölmörg listaverk eftir hann er að finna á hótelinu. Þó er tekið fram að hótelið sjálft sé hlutlaust og taki ekki afstöðu með eða á móti fylkingum, flokkum eða þjóðum. Staðsetningin undirstrikar þessa hugmyndafræði en hótelið er í Area C sem er bæði opið Palestínumönnum og Ísraelum, og er auk þess vinsælt meðal ferðamanna.

Húsnæðið sem hótelið er í var áður leirkeragerð en í hótelinu er að finna tebúð, listagallerí og verslun með graffitívörur. Þá verður einnig safn við hlið hótelsins.

Þó Banksy hafi kostað uppbygginguna og hönnun hótelsins kemur hann ekki að rekstri þess heldur hefur afhent það hópi sem vinnur að samfélagsverkefni en ætlunin er að allur gróði af hótelinu renni inn í ný samfélagsleg verkefni.

Hótelinu var ætlað að líkja eftir enskum herramannaklúbb en opnun þess tengist sterkt því að hundrað ár eru síðan Bretar tóku við stjórn Palestínu. Banksy hefur þó breytt íburðarmiklum skreytingunum og tengt þær nútímanum. Þannig má sjá íburðarmikil olíumálverk sem á leynast björgunarvesti flóttamanna og styttur sem virðast vera að kafna á táragasi.



Banksy hefur þó breytt íburðarmiklum skreytingunum og tengt þau nútímanum. Þannig má sjá íburðarmikil olíumálverk sem á leynast björgunarvesti flóttamanna og styttur sem virðast vera að kafna á táragasi. NORDICPHOTOS/GETTY

Mörg verkanna innan hótelsins eru eftir Banksy en einnig er að finna verk eftir aðra listamenn líkt og Sami Musa frá Ramallah hinn fransk-kanadíska Dominique Petrin.

Herbergin eru misdýr. Þau dýrustu eru með heitum potti og aðgangi að hótelgarði en þau ódýrustu með kojum úr hermannaskálum.

Listagallerí á fyrstu hæðinni mun eingöngu sýna verk eftir listamenn úr nærumhverfinu.



Hótelið stendur fjórum metrum frá veggnum sem skilur að ísraelska og palestínska hluta borgarinnar.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Fasteignir.is

vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ

12. TBL. MÁNUDAGUR 20. MARS 2017

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900 • landmark.is
Landmark leiðir þig heim!
Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.



Sigurður Samúelsson – Löggiltur fasteignasali – Sími 896 2312
Sveinn Eyland – Löggiltur fasteignasali – Sími 690 0820
Kristján Ólafsson – Hrl. Löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen – Sölustjóri – Sími 770 0309
Eggert Maríuson – Aðstoðarmaður fasteignasala – Sími 690 1472
Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir – skjalagerð
Benedikt Ólafsson – Aðstoðarmaður fasteignasala – Sími 661 7788
Nadia Katrín – Sölufulltrúi – Sími 692 5002
Helga Snorradóttir – Skjalavinnsla
Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir – Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali – Sími 895 7784
Ingibjörg Agnes Jónsdóttir – Sölufulltrúi – Sími 897 6717
Jóhanna Gustavsdóttir – Sölufulltrúi nemi í löggildingu fasteignasala – Sími 698 9470

## Leirubakki 4 - 29,9 m

Opið hús miðvikudaginn 22. mars kl. 17:00 - 17:30

- *3ja hæð- efsta*
- *Eignin er skráð skv. ÞÍ 73,2 fm*
- *Íbúðin 63,9 fm og geymslan 9,3 fm- samtals því alls 73,2 fm*
- *1 rúmgott svefnherbergi*
- *Sv Svalir*
- *Nýlegt gólfefni á stofu og forstofu*
- *Endurýjað bað*
- *Björt og snyrtileg sameign*
- *Klætt hús og því viðhaldsminna*






Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali +354 695 8905
elin@islenskafasteignasalan.is

Íslenska fasteignasalan
Hlíðarsmári 12 • 201 Kópavogur
+354 510 3000
sala@islenskafasteignasalan.is



BERG FASTEIGNASALA
**Háholt 14, Mosfellsbær**
- Sími: 588 5530
- berg@berg.is - www.berg.is
- GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
*petur@berg.is*

# Heillandi hæð í miðbænum

Miklaborg og Þórunn Pálsdóttir, lögg. fasteignasali, kynna Ránargötu 3A. Mjög heillandi hæð og ris í tvíbýli á þessum frábæra stað í hjarta Reykjavíkur.

Þrjú mjög góð svefnherbergi og sjónvarpshorn eða vinnukrókur í risi og stórt eldhús með borðstofu og góðar stofur á hæð auk baðherbergis og þvottahúss. Sólríkur suðurgarður. Mjög góðar geymslur/herbergi í kjallara. Eignin er skráð 132,5 fm en í risi eru til viðbótar 15 fm undir súð, auk þess fylgir 66% hlutdeild í 30 fm sameign í kjallara þar sem m.a. er salerni. Þar fyrir utan er hlutdeild í yfirbyggðum gangi sem er sameiginlegur með Ránargötu 5, hentar fyrir hjól, og geymsluloftið yfir ganginum nýtist vel fyrir garðhúsgögn og dekk.

Á árunum 1999-2000 var húsið einangrað að innan og sett gifs á veggi og raflagnir, neysluvatnslagnir og frárennslislagnir endurnýjaðar. Nýir ofnar og ofnalagnir voru sett á neðri hæði en í risi eru eldri ofnar. Seljandi setur nýja þakrennu á suðurhlið og niðurfallsrör á báðum hliðum.



Skemmtileg íbúð á tveimur hæðum við Ránargötu í miðbæ Reykjavíkur.

Einstaklega heillandi og skemmtileg eign sem nýtist sérlega vel á besta stað í 101, sjón eru sögu ríkari.

***Allar frekari upplýsingar gefur Þórunn Pálsdóttir, lögg. fasteignasali, í s:773-6000 og thorunn@miklaborg.is***

**heimili fasteignasala** – á traustum grunni
Finndu okkur á Facebook

MOTTU MARS



Bogi Pétursson – lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson – lögg. fasteignasali
Jón Bergsson – hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason
Gunnlaugur A. Björnsson
Guðbjörg G. Blöndal – lögg. fasteignasali
Ásdís Írena Sigurðardóttir
Hafdís Una Guðnýjardóttir – lögfræðingur




**Kársnesbraut 99 - neðri sérhæð og bílskúr. Opið hús.**
Falleg og vel skipulögð 150 fm neðri sérhæð ásamt bílskúr. Íbúðin er í tvíbýlishúsi og er með fjórum svefnherbergjum og tveim stofum. Almennt gott viðhald að utan og innan. Góð staðsetning á Kársnesinu í Kópavogi. **Verð 55 millj.** **Opið hús í dag frá kl. 17:15 - 17:45.** Frekari upplýsinar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Breiðvangur Hfj. – stór og vönduð fjölskyldueign.**
Björt og rúmgóð um 190 fm efri sérhæð ásamt 33 fm bílskúr í tvíbýlishúsi. Björt suðurstofa með arni og útgangi á bjartar svalir. Stórt sjónvarpsherbergi og fimm svefnherbergi, mögulega sex. Parket á öllum gólfi, tvö baðherbergi. Fullbúinn bílskúr og góð lóð í rækt. Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.




**Norðurbakki 21a - Glæsileg 4 herb. OPIÐ HÚS**
Glæsileg 140,4 fm 4ra herbergja íbúð með tveimur stæðum í Bílageymslu. Þrjú góð svefnherbergi þar af er hjónaherbergi með sér svölum, fataherbergi og baðherbergi. Stofa og eldhús eru samliggjandi í björtu rými. Eldhús er með eyju og fallegum innréttingum. Eign fyrir vandláta. **V: 64,9 millj.** **Opið hús í dag, kl. 17:15 -17:45.** Brynjólfur, S: 896-2953.




**Drekavellir 26 - Falleg 3ja herb. Opið Hús.**
Falleg og björt um 80 fm 3ja herbergja íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Samliggjandi eldhús og stofa með útgengi á rúmgóðar svalir til suðvesturs. Tvö góð svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar. **Verð 33,9 millj.** **Eignin verður sýnd í opnu húsi á morgun (þriðjudag) kl. 17:15 - 17:45.** Nánari upplýsingar veitir Brynjólfur, s: 896-2953.



**Hraunbær 18 - góð 4ra með aukaherbergi.**
Vel skipulögð um 131 fm endaíbúð á 1. hæð á góðum stað við Hraunbæ. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð, m.a. parket, innréttingar o.fl. Þrjú góð herbergi ásamt aukaherbergi í kjallara sem er leigt út. Tvennar svalir í austur og suður, fallegt útsýni. **Verð 45,0 millj.** Frekari upplysingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Lindarberg 88 Hfj. – glæsilegt einbýli. Frábært útsýni.**
Glæsilegt 200 fm einbýlishús á tveimur hæðum og með innbyggðum bílskúr á útsýnissta. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi og bílskúr á fyrstu hæð. Hjónaherbergi, baðherbergi, stofur, eldhús og þvottahús á efri hæð. Eigninni fylgir fallegur garður með stórum sólpalli og heitum potti með útsýni á Snæfellsjökul. Vönduð eign. Brynjólfur í 896-2953.



**Gullteigur 12 - 7 herbergja efri hæð & ris.**
Frábærlega staðsett um 161 fm efri sérhæð og ris í Teigunum. Í íbúðinni eru 5 herb. og 2 stofur. Efri hæð býður upp á mikla möguleika, m.a. hækka risið og stækka íbúðarrýmið. svalir út frá stofum. Húsið hefur verið viðgert og steinað að utan fyrir nokkrum árum. Ný rafmagnstafla í sameign. **Verð 69,9 millj.** Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.




**Grensásvegur - til leigu 27 fm herbergi.**
Til leigu 27 fm skrifstofuherbergi með aðgangi að snyrtingum og sameign. Húsnæðið er nýlega endurnýjað í góðu ástandi og er laust nú þegar til afhendingar. Næg bílastæði. Frekari upplýsingar veitir Bogi, 699-3444.

**530 6500** Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**

# FOLD FASTEIGNASALA

*Laugavegur 170 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson** viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson** lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir** lögg. fast.
kristin@fold.is
**Rakel Viðarsdóttir** viðskiptalögfr.
rakel@fold.is
**Einar Marteinsson**
einar@fold.is / 893-9132

## Hraunbær 180, 110 Reykjavík.
**OPIÐ HÚS MÁN 20. MARS KL. 16:30-17:00**




Hraunbær 180, íbúð 203.

Góð 107,4 fm , fimm herbergja íbúð á annarri hæð. Parket og flísar á gólfum. Fjögur svefnherbergi. Gott innra skipulag.

**Opið hús mánudaginn 20. mars kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

**Verð 37,9 millj.**

## Hverafold 70, einbýli.
**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 21.MARS KL. 17-17:30**




Hverafold 70: Ca. 182 fm einbýli á einni hæð með bílskúr á frábærum stað við Hverafold.

Húsið er vel skipulagt með sólstofu og einstaklega fallega grónum garði og skjólgóðum palli. Bílskúr fylgir og í hluta hans er rúmgott herbergi með sérsnyrtingu.

**Opið hús þriðjudaginn 21. mars kl. 17-17:30, verið velkomin.**

## Helgubraut 6, 200 Kópavogur.
**OPIÐ HÚS MIÐ 22. MARS KL. 16:30-17**




Helgubraut 6, Kópavogi:
Fallegt timburhús á 750 fm. lóð við Helgubraut í Kópavogi.
Á neðri hæð er rúmgott svefnherbergi, baðherbergi með stóru hornbaðkari, stofa, eldhús ásamt þvottahúsi og geymslu. Á efri hæð 2 svefnherbergi og pallur. Lóðin er einstaklega vel úr garði gerð og býður upp á mikla möguleika.
**Verð 42,5 millj.**
**Opið hús miðvikudaginn 22. mars kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Einbýli
**SELTJARNARNESI.**




Ca. 42 fm fallegt steinhús á eignarlóð á Seltjarnarnesi.

Á neðri hæð eru svefnherbergi, rúmgott baðherbergi og geymsla og á efri hæðinni eru stofur og eldhús. Hellulögð afgirt lóð. Einstakt tækifæri til að eignast lítið hús á Nesinu.

**Verð 49,5 millj.**

## Mávahlíð 4
**3JA HERBERGJA - LAUS**




Rúmlega 80 fm. íbúð á frábærum stað í Hlíðunum.

Íbúðin skiptist í stofu, tvö svefnherbergi, eldhús og bað.

Laus við kaupsamning.

Lyklar á skrifstofu.

**Verð 35 millj.**

## Barmahlíð13
**3JA HERBERGJA - LAUS**




Ca. 79 fm. kjallaraíbúð á frábærum stað í Hlíðunum.

Íbúðin skiptist í stofu, tvö svefnherbergi, eldhús og bað. Laus við kaupsamning.

Pantið tíma fyrir skoðun.

Lyklar á skrifstofu.

**Verð 34 millj.**

## Bólstaðarhlíð
**3JA-4RA HERBEGJA ÍBÚÐ Á 2.HÆÐ**



Bólstaðarhlíð: Góð 104 fm íbúð á 2. hæð á frábærum stað í Hlíðunum.

Íbúðin skiptist í stofu, tvö svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Frá stofu eru vestursvalir með góðu útsýni. Íbúðin er laus 1. júlí n.k.

Góð eign í Hlíðunum.

**Verð 39,9 millj.**

Bókið skoðun hjá Fold

## Vesturgata
**TIL LEIGU MEÐ HÚSGÖGNUM**




Ca. 113 fm. glæsileg íbúð á rólegum stað við Vesturgötu í hjarta 101 Reykjavík. Leigist með húsgögnum, m.v. við lágmark 1 árs leigusamning. Íbúðin er vel búin húsgögnum og heimilistækjum og staðsett á rólegum stað, en í göngufæri við miðborgina, HÍ og sendiráð. **Leiguverð er kr. 290 þúsund á mánuði.** Vinsamlegast hafið samband við Viðar Böðvarsson í síma 552-1400 og 694-1401, varðandi nánari upplýsingar.

## Óskum eftir

**Íbúðareigendur / leigusalar**

**Óskum eftir íbúðum til leigu í úthverfum Reykjavíkur fyrir opinberan aðila.**

**Traustar greiðslur, langur leigutími.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

***Þú finnur okkur á fold.is***

---

**Framúrskarandi fyrirtæki 2015 - 2016**

**Stofnað 1983**

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

**Sími 520 7500**

**Magnús Emilsson lögg. fasteignasali**
**Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali**
**Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali**
**Guðbjörg Guðbjörnsdóttir lögg. fasteignasali**
**Víglundur Helgason sölumaður**
**Helgi Jón Harðarson sölustjóri**
**Hilmar Þór Bryde sölumaður**
**Hlynur Halldórsson sölumaður**
**Hildur Loftsdóttir skrifstofa**

### LAXÁRBAKKI – HVALFJARÐARSVEIT – FERÐAÞJ.



Laxárbakki ferðaþjónustu fyrirtæki býður upp á gistingu og veitingar allt árið. Góð staðsetning við þjóðveg 1. Aðeins 12 km frá Akranesi. Stutt er í alla helstu ferðamannastaði á suðvesturlandi og einstakt fuglalíf, góðar gönguleiðir í nágrenninu. Frábær staður til að njóta norðurljósanna. Ferðaþjónustan á Laxárbakka býður upp á gistingu í 12 glæsilegum studioíbúðum fyrir allt að 31 manns og 6 svefnherbergi í gistihúsi fyrir allt að 14 manns. Stór veitingastaður er á staðnum sem tekur allt að 100 manns í sæti.

### BRATTAGATA – REYKJAVÍK - GISTIHEIMILI



Hraunhamar kynnir: Nýkomið í einkasölu sérlega falleg og virðuleg húseign á þremur hæðum. Húsið er samtals 325,7 fm og er innréttað sem nokkrar íbúðir í útleigu/gistiheimili. Einstök húseign að mörgu leyti með bílastæði fyrir allt að 5-6 bíla á þessum vinsæla stað í Grjótaþorpinu í göngufæri við miðbæ Reykjavíkur. **Verðtilboð.**
**Allar upplýsingar gefur Helgi Jón Harðarson sölustjóri s. 893-2233 helgi@hraunhamar.is**

### MIÐHÚS – RVK - GRAFARVOGUR - EINBÝLI



Nýkomið í einkasölu glæsilegt tvílyft einbýli með bílskúr, samtals 178 fm. Húsið er sérl. vel innréttað og vel staðsett í hverfinu, glæsilegur garður með sólpöllum, hellulögn og skjólgirðingu. Róleg og góð staðsetning, útsýni. Laust fljótlega. **V. 69.8 millj.**

**Allar upplýsingar gefur Helgi Jón Harðarson sölustjóri s. 893-2233 helgi@hraunhamar.is**

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**

---

# Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali



**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Víðimelur 56. Parhús.




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulagt 156,2 fm. parhús á tveimur hæðum auk kjallara á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Tvennar suðursvalir. Fimm herbergi. Tvær samliggjandi stofur. Gengið af neðri svölum niður á rúmgóðan afgirtan sólpall til suðurs. Eignin stendur á 332,3 fm. lóð, sem er vel hirt og afgirt með skjólgirðingu. Hellulögð bílastæði eru fyrir framan húsið og rúma þau 3-4 bifreiðar.

**Virkilega falleg og vel skipulögð eign á frábærum stað.**

**Verð 74,9 millj.**

### Fjólugata 19A. Glæsileg efri hæð ásamt bílskúr.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsileg 121,0 fm. efri hæð með tvennum flísalögðum svölum, glæsilegum þremur samliggjandi stofum og fallegu útsýni á frábærum stað í miðborginni. Íbúð á hæð er 113,6 fm., geymslur í kjallara eru 7,5 fm. og bílskúr er 26,2 fm., samtals 147,3 fm. Fallegir stórir útbyggðir gluggar til vesturs úr einni stofu og útgengi á litlar flísalagðar svalir til vesturs úr annarri. Nýlegar innréttingar eru í eldhúsi. Tvö herbergi. Bæði íbúðin að innan og húsið að utan hafa verið mikið endurnýjuð og eru í góðu ástandi.

**Verð 75,0 millj.**

### Hraunás – Garðabæ



**Glæsilegt parhús á frábærum útsýnisstað**
Virkilega glæsilegt 267,5 fm. parhús á tveimur hæðum með fjórum svefnherbergjum, glæsilegum stofum, þremur baðherbergjum og innbyggðum bílskúr innst í götu. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt úr vönduðum byggingarefnum. Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins og lofthæð á neðri hæð hússins er meiri en gengur og gerist. Gólfsíðir gluggar að hluta og mjög stórar svalir til suðurs og vesturs auk skjólsællrar viðarverandar út af neðri hæð. Aðkoma að húsinu er góð og hellulögð bílastæði eru fyrir allt að 4-5 bíla fyrir framan húsið. Hitalagnir eru í hellulögðum bílastæðum fyrir framan bílskúr og í gangstétt fyrir framan húsið.

**Verð 105,0 millj.**

### Langalína - Garðabæ. Íbúð á einstökum útsýnisstað.



Björt og vel skipulögð 3ja herb. 152,1 fm. íbúð á jarðhæð í Sjálandi auk bílskúrs innaf bílskýli í kjallara eignarinnar. Sér 11,5 fm. geymsla er í kjallara hússins. Búið er að yfirbyggja ca 20fm garðskála sem er ekki inni í skráðum fermetrum. Allar innréttingar eru samræmdar í eigninni. Stofan er mjög stór og með gólfsíðum gluggum að hluta og útbyggðum setkrók við sjóinn og rúmar auðveldlega bæði borð- og setustofu. Hjónaherbergi með stóru fataherbergi innaf með miklum innréttingum. Húsið er staðsett á endalóð til vesturs, suðurs og norðurs við Löngulínu og er íbúðin alveg við sjávarflötinn. Útsýni frá eigninni er stórfenglegt, meðal annars að Bessastöðum, Snæfellsjökli, yfir hraunið, sjóinn og að Seltjarnarnesi. Eigninni fylgir 127,3fm sérafnotaréttur á lóð.

**Verð 84,9 millj.**

### Krummahólar 6. 2ja herbergja íbúð.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 18.15 – 18.45

Vel skipulögð 48,9 fm. íbúð á 2. hæð auk sérstæðis í lokaðri bílageymslu. Fallegt útsýni til norðurs og vesturs að Esjunni, Grafarholti og Úlfarsfelli. Svalir til norðurs. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á hæð hússins. Sameign er snyrtileg með nýrri lyftu. Húsvörður. Stutt í grunnskóla og leikskóla.

Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

**Verð 26,9 millj.**

### Hvassaleiti 58. 2ja herbergja íbúð – laus strax.




Eignin verður til sýnis mánudag frá kl. 18.15 – 18.45

77,3 fm. íbúð á 5. hæð í þessu eftirsótta húsi fyrir eldri borgara við Hvassaleiti 58, VR húsið. Íbúðin er 65,4 fm. og tvær geymslur sem fylgja. Íbúðin er björt með góðum svölum til suðurs. Opið eldhús. Sameiginlegt þvottaherbergi á hæðinni. Mikil sameign og þjónusta er í húsinu. Húsið að utan er í góðu ástandi og sameign er öll til fyrirmyndar. Nýlegt mynddyrasímakerfi er í húsinu.

**Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 39,9 millj.**

### Digranesvegur 61- Kópavogi. 3ja herbergja íbúð.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg 73,3 fm. íbúð á jarðhæð í góðu tvíbýlishúsi við Digranesveg. Sérinngangur er í íbúðina og útgengi úr stofu út í garð. Stofa með gluggum til suðurs og vesturs. Viðarverönd og hellulögð stétt er sérafnotaréttur jarðhæðar. Allt rafmagn var endurnýjað í húsinu fyrir um 10 árum síðan. Virkilega góð staðsetning, stutt í skóla, verslun og þjónustu

**Verð 35,9 millj.**

### Bogahlíð 14. 3ja herbergja íbúð ásamt útleiguherbergi í kjallara.




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega falleg og vel skipulögð 97,8 fm. íbúð á 2. hæð í Hlíðunum, að meðtöldum 15,4 fm. útleiguherbergi í kjallara. Góðar svalir til suðurs með útsýni að Öskjuhlíðinni. Stór og björt stofa með stórum gluggum til suðurs. Rúmgóð herbergi. Snyrtileg sameign. **Frábær staðsetning miðsvæðis í Reykjavík.**

**Verð 44,9 millj.**

### Hjarðarhagi. 4ra herbergja á efstu hæð ásamt bílskúr.



Virkilega falleg 127,4 fm. íbúð á 5. hæð, efstu, við Hjarðarhaga að meðtöldum 27,7 fm. sérstæðum bílskúr.

Baðherbergi og eldhús hafa verið endurnýjuð að öllu leyti. Bílskúrshurð var endurnýjuð árið 2015. Rúmgóð stofa með stórum gluggum og með útgengi á svalir til suðurs. Um er að ræða afar fallegt hús, teiknað af Einari Sveinssyni arkitekt.

Útsýni er glæsilegt sem teygir sig allan fjallahringinn og út á sundin.

**Verð 46,9 millj.**

### Laugavegur. 4 – 5 herbergja íbúð - sérinngangur.



Mikið endurnýjuð 4-5 herbergja 129,7 fm. íbúð á 3. hæð, að meðtalinni 21,9 fm. sér geymslu í kjallara.

Íbúðin er með sérinngangi, mikið endurnýjuð og afar sjarmerandi þar sem hluti upprunalega gólfefna, viðarbita og veggja hafa fengið að halda sér.

Auk þess hafa raflagnir og rafmagnstafla verið endurnýjuð.

**Verð 69,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson** *Lögg. fasteignasali*
**Guðmundur Sigurjónsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*
**Kjartan Hallgeirsson** *Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri*
**Þórarinn M. Friðgeirsson** *Lögg. fasteignasali, sölustjóri*
**Magnea S. Sverrisdóttir** *MBA, lögg. fasteignasali*
**Hilmar Þór Hafsteinsson** *Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari*
**Reynir Björnsson** *Hagfræðingur, lögg. fasteignasali*
**Guðlaugur I. Guðlaugsson** *Lögg. fasteignasali*
**Brynjar Þ. Sumarliðason** *BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.*
**G. Andri Guðlaugsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*
**Gunnar Jóhann Gunnarsson** *Hdl., lögg. fasteignasali*
**Daði Hafþórsson** *Aðstoðarm. fast.s.*
**Jóhanna Valdimarsdóttir** *Gjaldkeri*
**Elín Þorleifsdóttir** *Ritari*
**Ásdís H. Júlíusdóttir** *Ritari*
**Anna M. Sigurðardóttir** *Ritari*

## KIRKJUTEIGUR 25, 105 REYKJAVÍK








Virðuleg 174,4 fm íbúð á 2.hæð í 4-býlishúsi. Einstaklega rúmgóð og vel skipulögð hæð. Þrjár stórar samliggjandi stofur, tvö svefnherb. Stórt hol með arni. Eign í upprunalegu ástandi en það hefur verið vandað til verks í upphafi. Einstaklega góð staðsetning í Laugardalnum, steinsnar frá skólum, sundlaugum, íþróttaaðstöðu og rómuðu útivistasvæði. Laus fljótlega. **Opið hús þriðjudaginn 21. mars milli 17:15 og 18:00. V. 69,9 m.**

## ÖLDUSLÓÐ 20, 220 HAFNARFJÖRÐUR





Mjög falleg og töluvert endurnýjuð 196 fm íbúð með bílskúr á útsýnisstað við Ölduslóð í Hafnarfirði. Eignin er á þremur hæðum með tveimur sér inngöngum. Fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, tvær stofur og tvennar svalir. Stór timburverönd í garði.**Nánari uppl. veitir: Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s: 824 9098, hilmar@eignamidlun.is. V. 64,9 m.**

## HVERAFOLD 136
### 112 REYKJAVÍK



Glæsilegt um 260 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr í Foldahverfi Grafarvogi. Húsið er á tveimur hæðum. Stofa og borðstofa. Þrjú herbergi en möguleiki á allt að fimm herbergjum. Garður með stórri verönd og heitum potti. Afar falleg eign í grónu hverfi með útsýni yfir Grafarvoginn. **V. 89,9 m.**

## VESTURHÓLAR 1
### 111 REYKJAVÍK




Vorum að fá í sölu 211,6 fm einbýlishús með bílskúr við Vesturhóla í Reykjavík. Stutt í alla helstu þjónustu. Húsið er á tveimur hæðum með mikla möguleika. Laust við kaupsamning. **Bókið skoðun hjá: Reyni Björnssyni lg.fs. s: 895 8321, reynir@eignamidlun.is Opið hús mánudaginn 20. mars milli 17:15 og 17:45. V. 62,5 m**

## GRÆNLANDSLEIÐ 14, 113 REYKJAVÍK





Samtals 234,2 fm íbúð á tveimur hæðum með bílskúr. Stórar svalir og glæsilegt útsýni. Flísar á gólfum. Stórar stofur. Tvö góð svefnherbergi. Stórar þaksvalir með heitum potti og skjólgirðingum. Innsta hús í botnlangagötu. Mikið útsýni. Laus við kaupsamning. Lyklar á skrifstofu. **Bókið skoðun hjá: G. Andra Guðlaugssyni lg. fast.sala s: 662-2705 eða Brynjar Þ. Sumarliðason aðst.m. fasteignasala s: 896 1168. Verð 59,9 millj. Sjá nánar inná eignamidlun.is**

## LYNGÁS 1A
### 210 GARÐABÆR




